

Tillaga að REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Harannsóknairstofnun
Kennitala: 470616-0830
Aðsetur: Fornubúðum 5
220 Hafnarfjörður
Starfstöð: Stað í Grindavík
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1160
Leyfið gildir til: xx.xx.2036

Starfsemi:

TE - Tilraunaeldi

Í gildi frá:

xx.xx.2020

Landeldi. Hámarkslífmassi 20 tonn.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofnu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaeftirhlut hjá framleiðanda hrognar.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir

að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 (sem innleiðir tilskipun 2006/88/EB) um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Erna Karen Óskarsdóttir, fagsviðsstjóri fiskeldis